



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 14. desember 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 10.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Álagningastuðlar útsvars og fasteignagjalda 2018

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningastuðlum útsvars og fasteignagjalda sem sveitarstjórn ræddi. Eftirfarandi álagningareglur voru samþykktar:

a) Útsvar

Álagningastuðull útsvars verði 14,52%

b) Fasteignagjöld

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,48%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningarstofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmark 7.000 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 33.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **40.137** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði **12.648** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **4.488** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **6.600** kr./ha.

Eftirfarandi reglur gilda umlækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **40.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 3.375.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 5.515.000 kr/ári

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **20.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.218.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 6.894.000 kr/ári



2. Fjárhagsáætlun 2018 -2021(seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2018-2021 til seinni umræðu. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar. Fjárhagsáætlun 2018-2021 samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Í rekstraryfirliti áætlunar 2018 kemur fram að heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 595.979 þús., þar af eru skatttekjur 448.538 þús. og rekstrartekjur 147.442 þús. Rekstrargjöld eru áætluð 593.099 þús. Þar af kostnaður vegna launa áætlaður 288.822 þús. Fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 9.824 þús. og rekstrarniðurstaða samstæðu er áætluð jákvæð um 12.704 þús. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 70.634 þús. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 198.500 þús. Stærstu fjárfestingaþættirnir í áætlun eru 70 milljónir vegna gerðar smábátahafnar austan Skúffugarðs og malbikun gatna 80 milljónir. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 137.866 þús. og handbært fé verði í árslok 526.546 þús. Í áætlun árunna 2018-2021 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

3. Umsókn til Húsafriðunarsjóðs

Fyrir fundinum lá umsókn til Húsafriðunarsjóðs um styrk til að gera úttekt á húsinu Litla Felli sem var byggt 1919-1920.

Málið var til kynningar.

4. Byggðakvóti

Fyrir fundinum lá bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem áður var til umfjöllunar á fundi 7. desember sl. Einnig lá fyrir fundinum bréf frá Jóni Hauk Daníelssyni dags. 12. desember 2017 sem skorar á sveitarstjórn að huga að breytingum varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins.

Halldór og Inga Rós lýstu vanhæfi sínu til að fjalla um byggðakvóta og véku af fundi.

Fyrirliggjandi bréf og reglur um byggðakvóta voru rædd og kom fram að sveitarstjórn telur rétt að halda í grundvallaratriðum þeim sérstöku skilyrðum sem sett hafa verið undanfarin ár við úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu.

Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu að sérstökum skilyrðum fyrir byggðakvóta:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að óska eftir við atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að sérstök skilyrði verði sett fyrir úthlutun byggðakvóta sem kom í hlut Skagastrandar sbr. bréf ráðuneytisins dags. 21. nóvember 2017. Vísað er til 4. gr. reglugerðar 604/2017 og óskað eftir að eftirfarandi sérstök skilyrði verði sett:

1. Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 45 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar 255 tonnum skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.



2. Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4 gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2017 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (45 tonnum) verði úthlutuðum heimildum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum (255 tonnum) verði hins vega skipt skv. ákvæðum 4. greinar reglugerðarinnar.
Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 50 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. 1. töluliður þessa bréfs. Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.
3. Veitt verði undanþágu frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.

Tillagan var samþykkt samhljóða

5. Fundargerðir:

- a. Sameiningarnefndar A-Hún, 6.12.2017

Fundargerðin var til kynningar

- b. Þjónusturáðs um málefni fatlaðra., 5.12.2017

Fundargerðin var til kynningar

- c. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 1.12.2017

Fundargerðin var til kynningar

6. Önnur mál

Samþykkt að styrkja kirkjuna og Rauðakrossdeildina um 150 þús. til stuðning við heimili sem eiga í fjárhagserfiðleikum um jólahátíðina.

Oddviti þakkaði sveitarstjórn samstarfið á árinu og óskaði gleðilegra jólahátíðar. Fundarmenn tóku undir og þökkuðu samstarfið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.45

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson